


FRÉTTABLAÐ

1 tlb. 1 árg.

Apríl 1979

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS



LEIÐARI.

Með þessu tölublaði vill iðjubjálfafélagið kynna nýtt fyrirkomulag fréttabréfsins. Okkur finnst tími til kominn að stækka og bæta útgáfuna og kalla það fréttablað. Aðal tilgangur þessarar breytingar er að fá fleira fólk til að tala sig og auka samskipti með félaganum. Okkur langar til að fá meiri þátttöku frá nemendum og iðjubjálfum utan Reykjavíkursvæðisins og viljum sennig miðla fleiri upplýsingum um hvað við erum að gera í félaginu.

Með þetta í huga ætlum við að skipuleggja dálka um:

- Félagsfréttir - verkefni félagsins, nefndarstörf, námskeið, félagsfundir og aðrir fundir.
- Fólk í fréttum - svo að við þekkjumst betur.
- Bréf frá nemum og íslenskum iðjubjálfum erlendis.
- Auglýsingar um lausar stöður.
- Tilkynningar.
- Bókahornið - mælt með góðum bókum.
- Greinar - iðjubjálfunaráætlanir og deildir hérlandis, reynsla iðjubjálfa (íslenskra og erlendra), iðjubjálfunarnám o.fl. (greinarnar mega vera á erlendum tungumálum).

Við biðjum um tillögur um nafn bladsins og fyrirkomulag.

Við hvetjum alla til að taka þátt á einhvern hátt - senda bréf, greinar og nöfn á fleiri Íslendingum í iðjubjálfanámi.

Formaður.

Aðalfundur félagsins var haldinn 1.mars kl. 20⁰⁰ að Grensás-
deild Borgerspítalans.

11 félagsmenn mættu.

1. Félagsgjöld var ákveðið 10.000 ísl. krónur fyrir full-
gilda meðlimi pr. ár, 5000 ísl. kr. fyrir hálfgilda með-
limi pr. ár og 2500 ísl. kr. fyrir námsmenn.

2. Gjeldkeri gerði grein fyrir bókhaldi félagsins. Tekjur
voru eingöngu af félagsgjöldum. Inneign um áramót nema 135.390

3. Úrdráttur úr starfi I.I. síðastliðið ár:

- Haldnir voru 7 félagsfundir, þar af 3 óformlegir, 6 fræðslu-
fundir og 11 stjórnarfundir.
- Löggiltingu til að stunda iðjuþjálfun á Íslandi hafa nú
flestir ef ekki öll okkar fengið.
- Póstbox no.72 í aðalpósthúsinu fengum við í nóvember 1978.
- Launabaráttan hélt áfram en hvorki virtist ganga né reka.
Loks í nóv. fékkst launabækkun hjá iðjuþjálfum innan S.F.R.
Byrjunarlaun iðjuþjálfra B-15 en yfiriðjuþjálfra B-17. Þá
var aðeins 1/2 sigur unninn. Loks nú í janúar 1979 fengu
iðjuþjálfar inn St.Rv. bækkun þannig að byrjunarlaun eru
þau sömu B-15, en deildariðjuþjálfri B-16. Þannig að ekki
er samræmi á milli. Athuga á möguleika á inngöngu í BHM
og svo hvort það bætti nokkuð stöðu okkar.
- Kynningarnefnd sendi heljargrein í Lesbók Morgunblaðsins
og birtist hún 1.júlí 1978 ásamt fjölda mynda.
- Peningum félagsins var ákveðið að eyða áður en verðbólgan
ætti þá. Samþykkt var að koma upp bókasafni og kynningar-
litaþyggnum eða -kvikmyndum. Var í því tilefni stofnuð
bókasafnsnefnd sem starfar á fullu.
- Fleiri nefndir voru stofnaðar: Gigtarnefnd, starfsstillinga-
nefnd og nefnd til að íslenska Kognitív-test. Einnig var
stofnuð nefnd til að endurskoða starfslýsinguna og tengd
henni er önnur nefnd sem vinnur að tillögum til heilbrigðis-
málaráðherra um iðjuþjálfun í heimahúsum. Skemmtinefnd
fyrir árshátíð.

- Vinnustaðalýsingar eru nú til hjá félaginu á íslensku og ensku.
- Athugað hefur verið um ný störf eða starfssvið hér á landi, en ekkert ákveðið komið út úr því.
- Einn iðjupjálfi er nú starfandi hjá Geðdeild Barnaspítala Hringins, Dalbraut.
- Námskeið/fyriræstrar.

SENSORY INTERGRATION: Susan Dænegen, bandarískur iðjupjálfi - námskeið í tvo daga

SPELKUGERÐ og ýmiss hjálpertæki frá Fred Sammons í Bandaríkjunum: Karen Priest bandarískur iðjupjálfi.

NÝ SVIÐ IÐJUPJÁLFA: Jane Kristiansen iðjupjálfi af norskum ættum, með klínísku sýslarfr. í Bandaríkjunum.

IÐJUPJÁLFUN Í KANADA: Guðrún Árnadóttir

IÐJUPJÁLFUN Í JORDANÍU: Madeleine Östlund.

IÐJUPJÁLFUN Í ISRAEL: Vallery Tannenbaum.

TALKENNSLA: Ebba Edwardadóttir tálmeinafræðingur.

LYNGÁS - fræðslu- og skoðunarferð á þetta heimili sem er fyrir þroskaheft börn.

- Fyrirlestrar út á við:

Madeline Östlund: Iðjupjálfun fyrir vangefna. Haldið á vegum foreldrafélagsins á Lyngási.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir: Kynnti læknum og öðru starfsfólki iðjupjálfun bæði á Akranesi og Egilstöðum.

Sigríður Loftsdóttir: Kynnti sama á Akureyri.

Vallery Tannenbaum: Kynnti sama á Landakotsspítala.

Hope Knutsson: Tómtundastarf fyrir eldreiða, haldið fyrir Junior Chamber konur. Hópmeðferð geðsjúklunga fyrir starfsfólk Hvítubandsins.

4 Lagabreytingar: engar tillögur bárust. Þó kom uppástunga frá Önnu Grétu þess efnis að betur mætti undirbúa aðalfundi og þó sérlega er stjórnarkjör fer fram. Var það samþykkt og ákveðið að halda félagsfund mánuði fyrir stjórnarkosningar og þá útbúa framboðslista.

Ákveðið var að endurskoða lög félagsins. Nefnd - Guðrún Á. Guðrún P., Anne Gréta.

5. Annað.

- Fyrirspurnir til vinnustaðanna um það hvort ekki vantaði starfskreft í sumarsfleysingar. Ísl. stúlka sem er við nám í Frakklandi (í iðjupj.), verður að starfa að minnsta kosti 1 mán. á iðjupjálfsdeild nú í sumar. Hún vill helst koma heim til Íslands. Ef hún elle ekki gæti fengið launaða stöðu þá ólaunaða frekar en ekki.
- Nefndastörf: Kognitív test, gigtarnefnd, starfstellinga-nefnd. Markmið þessara nefnda er að útbúa vinnuþróðugram fyrir iðjupjálfa og eftir ca. 1/2 árs reynslu af notkun þeirra, vinna úr leiðbeiningabæklinga fyrir sj. um liða-vernd og starfstellingar. Allar þessar nefndir munu gefa út árangur erfiðis síns í fjölríti og munu þau vera félags-mönnum fól fyrir vægt verð.
- Bókassafnsnefnd er búin að búa til spjaldskrá yfir bóka flota félagsmanna svo og félagsins.
- Nefnd um heimaþjálfun iðjupjálfa (Ráðherranefndin svo kallaða) mun gera grein fyrir störfum sínum á næsta fundi.
- Samþykkt var að hver vinnustaður skili listu yfir þá iðjupjálfa sem starfað hafa þar. Nafn, heimilisfang í heimalandi, á hvaða tímabili starfað á stofnuninni.
- Ákveðið var að gefa út fréttablað (ca 2-4 á ári). Allt mögulegt efni getur birst í því. Skilafrestur fyrir efni í fyrsta blaðið rennur út 22.mars - næsti félagsfundur að Dalbraut .
- Mæðelsine heimsótti Kjarvælsbús. Kynntist hún þar Blitz-kerfi, hjálpartæki fyrir spastísk börn með tjáningarerfið-leika.Íslensk stúlka í sérkennarænámi í Svíþjóð vinnur með þetta kerfi. Hún kemur í stutta heimsókn til Íslands í mars, og ætlar Mæðelsine að reyna að fá hana til að kynna okkur þetta kerfi á næsta félagsfund.

"Prívat" iðjupjálfun.

Í nóvember 1978 var fyrsta tilfelli "præivat" iðjupjálfunar á Íslandi. Hope Knútsson hefur haft konu, sem fékk heilabólgu í eftirmeðferð í heimahúsi hennar.

Hope hefur reynt að hjálpa fjölskyldu hennar að skipuleggja daglegar athafnir betur, bæta minni hennar og minnka tilgangslausa hegðun.

Þetta er spennandi fordæmi, en aðal vandamálið er hver á að greiða þetta. Félagið hefur reynt að fá Tryggingastofnun Ríkisins til að ganga frá málinu, en það hefur ekki tekist enn þá.

Félagið hefur skrifað greinirperð um iðjupjálfun í heimahúsum og bréf til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra og óskað eftir viðtali um þessi mál og "prívat" iðjupjálfun.



Námskeið um liðagigt í Danmörku.

Dagana 2 - 6 apríl verður haldið námskeið um meðferðir við liðagigt. Námskeiðið verður haldið á Fjóni, Danmörku.

Á dagskrá er m.a.:

Nýjustu niðurstöður rannsókna á meðferð liðagigtarsjúklinga.

Skurðlækningar á liðagigtarsjúklingum.

Iðjupjálfun fyrir handskurðlæknaða sjúkl.

Spelkur og kröfur til hjálpartækja fyrir liðagigtarsjúklinga.

Liðavernd í "teori og praksis".

Aðlögun hífsla og vinnustaða.

Félagsleg aðstoð.

O. fl. o. fl.

2 íslenskir iðjupjálfar munu sækja námskeiðið, en þeir eru styrktir af vinnustöðum sínum, sem borga ferðir og uppihald.

Dagskráin er frá 9⁰⁰ - 22⁰⁰ daglega, svo við vonumst til að fá að bergja af þeim mikla viskubrunni, sem þátttakendur hljóta að bera með sér heim að námskeiðinu loknu.

Í haust verður námskeiðið endurtekið, og þá fer væntanlega 1 iðjupjálfi hóðan, sem svo gæti aukið enn vísðóm vorn hérna uppi á Fróni.

"Fólk í fréttum"

Andrea Waechter, sem vann á Reykjalundi, og Ulla Rudbech, sem vann á Grensásdeild eru farnar heim til föðurhúsanna - þ. e. Englands og Danmerkur.

En maður kemur í manns stað. Frá Svíþjóð komu þar : Ulla Salomonsson og Gun Hansson til starfs á Reykjalundi. Sömu leiðis Margareta Johannsson á Landspítalann. Ruth Lauridsen frá Danmörku hóf störf á Grensásdeild og Vera Granmere frá Englandi vinnur á Öldrunardeildinni Hátúni 10B.

Ög - Anne Grethe Hansen leysir af á Lsp., en þar fór iðjupjálfi í barnseignarfrí (Sigríður Jónsdóttir).

Auglýsingar.

Kognitiv test, þýtt úr 'testi' Lone Sörensen
iðjubjálfa í Danmörku
þýðendur: Ingi björg 'Asgeirsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Til sölu hjá félaginu á 2000 kr.
OBS! Æskilegt er að erga dönsku
útgáfuna einnig, þar sem fræðilegi
hlutinn er ekki þýddur.

Liðvernd. Vinnuprógram fyrir iðjubjálfa
unnið af Guðrúnu Pálmadóttur
Guðrúnu 'Arnadóttur
Til sölu hjá félaginu á 2000 kr.

Laus staða: Iðjubjálfastaða er laus frá 1. maí
á æfingastöð Lemaðra og fátlaðra,
Háaleitisbraut 14, Reykjavík.
Upplýsingar gefur Guðrún Arna-
dóttir iðjubjálfi sama stað.

Námskeið í músikterapi og drama verður
haldið að Grensásdeild Borgarsp.
mi 3 maí kl. 19⁰⁰ - 22⁰⁰
fö 4 - - 13⁰⁰ - 17⁰⁰
lau 5 - - 9⁰⁰ - 13⁰⁰ meira e.t.v.
leiðbeinendur: Anne Grethe Hansen
Madelaine Östlund

Lög

um iðjubjálfun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að starfa sem iðjubjálfi hér á landi og kalla sig iðjubjálfa hefur að einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn iðjubjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis, áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda iðjubjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Iðjubjálfi starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

5. gr.

Ekki má iðjubjálfi taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjubjálfastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. gr.

7. gr.

Iðjubjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir iðjubjálfun fellur.

8. gr.

Iðjubjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða iðjubjálfun.

9. gr.

Sérhverjum iðjubjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær ytneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama

þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjuþjálfra og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að iðjuþjálfri vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verkisvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um iðjuþjálfra gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota iðjuþjálfra, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar iðjuþjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nám í iðjupjálfun við University of Manitoba (U. of M.)

Fjallað verður um stofnun skólans og mismunandi prógrömn. Minnst verður á inntöku skilyrði. Síðan verður námsefni hvers árs fyrir sig rakið stuttlega og dæmi tekin um verkefni. Fáein orð eru notuð til að draga saman heildaráhrifin og varpa fram á hvern hátt námið í U. of M. er hugsanlega frábrugðið því á Norðurlöndunum. Minnst verður á skipulagningu iðjupjálfa félaga í Kanada og hlutverkaskiptingu meðal þeirra. Að lokum eru dregnir fram 2 þættir sem eru einkennandi fyrir iðjupjálfun í Manitoba.

Árið 1960 var stofnuð sjúkra og iðjupjálfa deild við Háskólann í Manitoba, sem staðsettur er í Winnipeg. Námið tók 3 ár og fengu nemendur "diplóma" að þeim loknum. Kennslan fólst í tímasókn og vinnu á viðurkenndum sjúkrahúsum. Eftir að nemendur hafa öðlast diplóma (sem jafngildir iðjupjálfa réttindum frá ~~frá~~ skólum á Norðurlöndunum), var þeim gefinn kostur á að taka eins árs gráðu prógrammað tveggja ára starfsreynslu lokinni. Haustið 1976 var prógramminu breytt í fjögurra ára gráðu prógramm. Þó að síðasti árgangur diplóma prógramsins hafi nú verið útskrifaður verður fjórða árs gráðu prógramminu haldið áfram um nokkurt skeið og hefur starfsreynslu tímabilið verið skorið niður í eitt ár.

Fyrir inngöngu í deildina er krafist stúdentsprófs frá náttúru eða eðlissviði. Val nemenda fer eingöngu eftir einkunnum, en umsækjendur verða einnig að mæta til viðtals í skólanum. Þar sem alltaf hafa verið fleiri umsækjendur en pláss leyfir, eru ekki teknir nemendur utan fylkis nema að þeir séu frá fylkjum þar sem engir skólar eru, og þar af leiðandi aldrei nemendur frá öðrum löndum. Haustið 1975 voru teknir inn 26 nemendur, en ekki nema 16 haustið 1976. Því hefur verið fleygt að sú tala muni frekar vera skorið niður en hækkuð á næstu árum.

Fjórða árs prógrammið hefur hins vegar verið opið öllum þeim sem hafa menntun sem viðurkennd er af Iðjupjálfafélagi Kanada (CAOT). Þar sem nýja prógrammið útskrifar fólk með gráðu verður bundinn endir á fjórða árs prógrammið innan nokkurra ára. Fólki sem hefur áhuga á verður þó gefinn kostur á að ljúka þessu námi á meðan aðsókn er nægileg. Gert er ráð fyrir að aðsókn aukist all verulega þessi næstu 2-5 ár þar sem fólk sem lauk diplóma prógramminu síðastliðin ár hefur ekki verið að flýta sér í meira nám. Ekki er nú hægt að fá neinar yfirmannsstöður nema hafa gráðu, og á sama veg er nú komið með flestar kennara-stöður. Í umsókn um almennar stöður ganga þeir fyrir sem hafa gráðu. Vegna framantalinna atriða (aukinnar aðsóknar og tímatakmörkunar prógrammsins) hafa inntöku skilyrði verið takmörkuð enn frekar. Þeir sem hafa fengið menntun sína frá iðju og sjúkrapjálfa deild háskólans í Manitoba ganga fyrir. Næst koma þeir sem vinna í Manitoba en eru menntaðir annarsstaðar frá í Kanada. Þeir sem eru menntaðir frá öðrum kanadískum háskólum og búa ekki í Manitoba reka síðan lestina ásamt þeim erlendum umsækjendum sem hafa samþærilega menntun og eru styrktir af ríkisstjórnnum landa sinna.

Skólagjöld voru um \$600 á ári og eru hin lægstu í Kanada. Gert er ráð fyrir að þau hækki áður en langt um líður.

Fyrsta árið í diplóma prógramminu byggðist eingöngu á tímasókn, frá kl. 8 á morgnana til kl. 4 á daginn, eða 7 fyrirlestrar á dag. Mest af bóklegu kennslunni á fyrsta ári fór fram í samræmdum fyrirlestrum með sjúkrapjálfa nemum. Á öðru ári var mikið af fyrirlestrunum kennt saman, en á þriðja ári skiptust leiðir all verulega. Fögin sem kennd voru á fyrsta ári voru: lífeðlis og efnafræði, anatómía, sálfræði^{lyfja} og handlækningar, verkleg og bókleg iðjupjálfun. Í verklegri iðjupjálfun var mest áhersla lögð á

fmiskonar analysur á notkun vöðva (t.d. isometric, concentric, eccentric og cocontraction), við fmiskonar verkefni. Lítillega var farið í vefnað, aðlögun vefstóla, körfugerð, hnýtingar og faglegar teikningar. Nemendur áttu ennfremur að velja sér einhverja handavinnu, eins og t.d. þrykk. Þeir áttu að ljúka einu sýnishorni ásamt því að analysera allar líkamlegar og andlegar hliðar þess. Í bóklegri iðjubjálfun var aðal áherslan lögð á kynningu á líkamlegri iðjubjálfun og geðrænni iðjubjálfun almennt.

Eftir lokapróf fyrsta árs var ein kynningarvika á sjúkrahúsum þar sem nemendur áttu að fylgjast með hinum mismunandi prógrömmum öðrum en iðju og sjúkrabjálfun, s.s. vera á deildum, fylgjast með skurðaðgerðum, vera á slysavarðstofu, á gjörgæsludeild og við fæðingar. Síðan var þriggja vikna kynning á iðjubjálfunardeild.

Á öðru ári var kennt: enska, barna og unglinga sálfræði, tauga lífeðlisfræði, lyf og handlækningar, geðsjúkdómafræði ásamt verklegri og bóklegri iðjubjálfun. Bókleg iðjubjálfun skiptist í: orthopaedics, barna iðjubj. liðagigt, lauga iðjubj. og geðræna iðjubj. Verkleg iðjubjálfun var að-lögun á fötum, A.D.L., smíðar og leirkeravinna. Sem dæmi um verkefni sem fylgdu þessu má nefna

- 1) Fyrirlestur og ritgerð um bak og "bodymechanics."
- 2) Mat á barni sem "demonstration" fyrir bekkinn og ritgerð um sama efni.
- 3) Analysu og fyrirlestur á einhverju einu atriði ADL. Síðan átti að taka tillit til hinna fmsu atriða sem krefjast breyttra aðferða eða hjálpartækja.
- 4) Nákvæmar líkamlegar og sálrænar analysur og fyrirlestra um eitt verkefni í smíðum og leirkeragerð.
- 5) Í aðlögun fata voru nemendum fengnir sjúklingar og áttu þeir að leysa úr erfiðleikum þeirra með því að útbúa föt sem sjúklingarnir gátu notað, og síðan átti að skrifa ritgerð

og halda fyrirlestur um efnið.

"Role playing" var dálítið notað, sérstaklega í geðrænni iðjubjálfun og sumum fyrirlesturum. T.d. var okkur fengin sjúkdómsgreining í geðrænni iðjubjálfun og áttu nemendur að sviðsetja sjúkling, aðstandenda hans og iðjubjálfa í viðtali þannig að sjúkdómseinkennin kæmu fram.

Á öðru ári voru nemendur á sjúkrahúsum þrjá morgna í viku, 6 vikur til 2 mánuði á hverjum stað. Nemendurnir voru metnir á ýmsum sviðum og áttu yfirleitt að skrifa ritgerðir og halda fyrirlestra.

Eftir annað árið áttu nemendur að vera á sjúkrahúsum víðsvegar í Kanada í 4 mánuði, tvo mánuði á hvorum stað. Niðurröðunin var hálfgerð happadrætti.

Á þriðja ári var tímasókn í lyf og handlækningum, geðlækningum, bóklegri og verklegri iðjubjálfun. Bókleg iðjubjálfun samanstóð af eftirfarandi sviðum: Barna iðjubj., taugaiðjubj., geðrænni iðjubj. bruna, aflimunum, heimilisstörfum, og "evaluation procedures".

Verkleg iðjubjálfun samanstóð af:

- 1) Málmvinnu og skriflegri analysu á henni.
- 2) Nemendur áttu að velja þrjár mismunandi atvinnugreinar og fara á vinnustaðina og taka viðtöl við viðkomandi fólk. Síðan áttu þeir að analysera í smáatriðum sálrænar og líkamlegar kröfur sem felast í vinnunni. Þeir áttu að teikna upp vinnustaði og aðstöðu og síðan útlista allar þær breytingar sem þyrfti að gera á starfi og umhverfi fyrir hinar mismunandi sjúkdómsgreiningar eða slys. Fyrirlestur var haldinn um efnið og 60 - 100 bls. ritgerð skrifuð.
- 3) Aðal ritgerðin svo nefnd "Thesis"
Þar áttu nemendur að skrifa stóra ritgerð um sjálfvalið efni.
- 4) Smærri ritgerðir voru í bóklegri iðjubj.. Þar má nefna ritgerð um barn með ákveðna sjúkdómsgreiningu. Nemendur

áttu að gera úrdrátt af tilfellinginu og síðan byggja upp meðferðar-
áætlun. Í "evaluation procedures" áttu nemendur að taka fyrir
eitt hvert viðurkennt próf s.s. "Frostick, gera yfirlit yfir það
og kynna það bekknum. Nemendur áttu einnig að velja sér eitt
heimilistæki og analysera notkun þess og koma með breytingatil-
lögur. Tímásókn var á morgnana, en alla eftirmiðdaga voru nem-
endur á sjúkrahúsum 6 vikur - 2 mán á hverjum stað. Eftir þriðja
árið var svo unnið 2 mán. á einu sjúkrahúsi.

Í heildina skiptist reynslan á sjúkrahúsunum þannig að
nemendur urðu að vera 2 mánuði á almennu sjúkrahúsi og tvo mánuði
á geðsjúkrahúsi yfir sumartíma. Síðan var nemendum gefinn kostur
á að velja hvort þeir vildu heldur í þá 2 mánuði sem eftir voru.
Á veturna var reiknað með að nemendur eyddu einu tímabili á hvoru
ári (öðru og þriðja ári) á geðsjúkrahúsi. Þegar nemendum var
skipt niður á sjúkrahúsin var aðal áherslan lögð á að koma öllum
fyrir. Þar sem oft var skortur á sjúkrahúsa plássum liggur í
augum uppi að sum pláss voru verri en önnur, eins og í öllum
öðrum skólum. Á öðru ári varð að taka til þess ráðs að láta
nemendur dvelja eitt tímabil annaðhvort á "senior citizen" heimili
eða barnaheimilum. Þó að hvorutveggja sé ágætis reynsla þá er
hart að þurfa að sjá af einu sjúkrahús plássi fyrir það. Erfið-
leikar við skipulag sjúkrahúsa plássanna eru aðal gallinn á
þrógramminu, en þetta stendur til bóta í nýja þrógramminu eins
og fram kemur síðar.

Í heildina er lögð mikil áhersla á að meta sjúklinga skrif-
lega, fylgjast með framförum reglulega og punkta þær niður.
Áhersla er lögð á "professionalisma" og að reyna að koma iðju-
þjálfun á það stig að hún verði viðurkennd sem meðferð
með traustan vísindalegan grundvöll á bak við sig. Þannig að það
megi hrekja ádeilur með tilvitnanir í rannsóknir og tilraunir.
Ég geri ráð fyrir að minni áhersla hafi verið lögð á að nemendur

búi til hluti en gert er á Norðurlöndunum. Okkur varð kynnt verkefni þannig að við kynnum á þeim skil og skildum hvernig mátti nota þau. Tilgangurinn er fyrst og fremst að geta analyserað hvaða verkefni sem er. Nemendur eiga síðan að vera færir um að kynna sér sjálfir nánar það sem þeir hafa áhuga á. Við geðræna iðjupjálfun nota sumar deildir nær eingöngu ýmskonar handavinnu til að koma fram markmiðum meðferðarinnar, en annars staðar byggist meðferð nær eingöngu á hópum svo sem "life skill" hópum.

Sama gildir um iðjupjálfa námið og kennslu í öðrum heilbrigðisgreinum, að yfirferðin er svo mikil að ekki er hægt að fara ýtarlega í neitt. Fyrirlestrar verða undirstaða sem nemandinn byggir sjálfsnám sitt á.

Á fjórða ári eru námsgreinarnar: "Principples og Psychology", "Elements of Psychology", "O.T. Seminars", "Functional Anatomy" og tvö valfög.

Nýja fjögurra ára gráðu prógrammið krefst þess að nemandinn hafi eins árs háskólanám í ákveðnum greinum. Kennt er eftir svo kölluðu "Blokki" kerfi þar sem t.d. taugaanatoma, taugalífeðlisfræði, lyfja og handlækningar sem við koma taugasjúkdómum og taugaiðjupjálfun eru kennd í ákveðinn tíma ca 2-4 mánuði. Síðan fara nemendur á sjúkrahúsin í þessari ákveðnu grein iðjupjálfunar. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að hægt er að taka inn færri nemendur en áður því að það er ekki hægt að setja þá á hvaða sjúkrahús eða deildir sem er.

Iðjupjálfun í Kanada:

Þar sem ég hefi bara verið á fáeinum sjúkrahúsum get ég fátt sagt um heildarskipulag iðjupjálfunar í Kanada. Sérhvert sjúkrahús er mismunandi og sérhvert Fylki er líka mismunandi. Canadian Association of Occupational Therapists (C.A.O.T.). Er félag iðjupjálfa í Kanada. Það sér um að halda "Professional Standards" gefur út blað og ber ábyrgð á kennslu. Allir skólar í Kanada

verða að vera viðurkenndir af þessu félagi, en að öðru leyti er iðjupjálfum frjálst að vera meðlimir félagsins. Félagsgjald er 100 \$, á ári.

Félagið er meðlimur í W.F.O.T. og enginn iðjupjálfi getur verið í W.F.O.T. nema hann sé meðlimur í C.A.O.T.

Manitoba Society of Occupational Therapists (M.S.O.T.) er samskonar félag og C.A.O.T. nema hvað það er eingöngu Fylkisbundið. Það sér um skólamál U. of M. og mánaðarlega fræðslufundi. aðgangur er frjáls og félagsgjald 20\$ á ári.

Association of Occupational Therapists in Manitoba (A.O.T.M.).

Þetta er félag sem öllum iðjupjálfum sem vinna í Manitoba er skylt að vera meðlimir í. Félagið á að vernda almenning frá "Mal practice". Þ.e. að sjá til þess að þeir sem stunda iðjupjálfun í Fylkinu hafi viðurkennda menntun og flekklausan starfsferil.

Nokkur orð að lokum um iðjupjálfun í Manitoba.

Sjúkrahúsin gefa hjálpartæki sem sjúklingur þarf upp að \$10. Eftir það er leitað til útlánastofnunar hjálpartækja. Þar eru öll hjálpartæki sem ákveðið hefur verið að sjúklingur þurfi nauðsynlega lánuð út, svo lengi sem sjúklingurinn þarf þeirra með. Allir "standard"hjólástólar flokkast hér undir. Ríkið úthlutar ákveðnum fjölda rafknúinna hjólástóla á ári til þeirra sem eru úrskurðaðir í mestri þörf fyrir þá. Þegar um er að ræða mjög dýr tæki sem ekki er hægt að veita öllum sem gætu notað þau, eins og t.d. raftæki til stjórnunar umhverfis, er hægt að leita til einka klúbba og styrktarféлага um aðstoð.

The Canadian Arthritis Society (C.A.R.S.) veitir því fólki þjónustu sem er útskrifað af sjúkrahúsum en þarfnast eftirlits, þeim sem þjást af króniskum sjúkdómum og búa í heimahúsum og þeim sem ekki leggjast inn á sjúkrahús né koma á göngudeild

í meðferð. Iðju og sjúkraþjálfar vinna saman og fara heim til fólks. Þeir meta viðkomandi og sjá um að hann eða hún fari eftir þeim fyrirskipunum og æfingum sem þeir hafa áður gefið eða fylgja frá sjúkrahúsum og læknum. Einnig sjá þeir um að fræða sjúklinginn um sjúkdóm sinn, liðvernd "body mechanics o.s.frv. Tilgangurinn er að sjúklingurinn viðhaldi færni sinni heima fyrir í lengstu lög. Utanbæjar er Fylkinu skipt í svæði þannig að sá sem annast um svæðið geti komist til allra staða innan þess á einum degi. Einn sjúkraþjálfari og einn iðjuþjálfari sér um hvert svæði. Þessir þjálfarar vinna einnig sem ráðunautar á hjúkrunar heimilum úti á landi.

Guðrún Arnadóttir

IDJUPJÁLFAFAR,

3. árs nemar:

Rósa Hauksdóttir 17 Barton Road, Derby, England.
Sigrún Ásmundsdóttir Dalslandsgade 8, K-303, 2300 København, S
Danmark.
Elín Jónna Ásmunds- Præstegårdsvej 15, 7000 Trondheim, Norge.
dóttir

2. árs nemar:

Björk Pálsdóttir Ungdomskollegiet, vær.38, Rendsborggade 1,
7500 Holstebro, Danmark.
Sigurður Sigurðsson Strindbergvej 10^{VI}, 2500 Valby, Danmark.
Viðar Óskarsson Rasmus Rask kollegiet, 1411, Læglundvej 4,
5200 Odense, Danmark.
Bríte P. Sigurðardóttir 1 Kurbökgatan 10^{VI}, 552 69, Jönköping, Sverige.
dóttir
Finnur Jönköping, Sverige.

1. árs nemar:

Sigríður Hermannsdóttir Jernaldervej 271 A^{III}; t.h.; 8210 Århus,
Danmark.
Guðrún Árnadóttir Holstebro, Danmark.
Kátla Kristvinsdóttir Studiegården 8, 242 Göteborg, Sverige.
Guðrún Emilsdóttir Ásmundsgatan 7^{II}, 412 64, Göteborg, Sverige.
Jóhanna Ingólfssdóttir 39 Rue Singer, 75016 Paris, France.
Anna Sigurðardóttir ? ? Edinburgh, Scotland.
Snæfríður Egilson

ÍSLENSKIR IDJUPJÁLFAFAR ERLENDIS.

Guðrún Hafsteinsdóttir Annekegade 5^{st.t.h.}, 2100 København,
Danmark.
Ingibjörg Pétursdóttir Lollandsgade 33, 8000 Århus C, Danmark.
Sigríður Þorvaldsdóttir Tinglökkevej 6, 5250 Odense, Danmark.

Íðjubúðir á Íslandi

VINNUSTAÐUR:	VINNUSÍMI:	NAFN:	HEIMILISFANG:	HEIMASÍMI:
Grensádeild Borgarsp.	85177/38	Ingibjörg Ásgeirsd.	Skólabraut 53, Seltjarnarnesi.	13387
		Sigríður Loftsdóttir	Vesturgötu 32, R.vík.	28327
		Ruth Lauritzen	Bræðraborgarstíg 16, R.vík.	22580
Héaleitisbraut 14.	84560/1	Guðrún Árnadóttir	Hvassaleiti 30, R.vík.	31086
		Vallery Tennenbaum	Karlagötu 14, R.vík.	13817
Kleppaspítalinn.	38160/48-49	Jóna Kristóferad.	Kleppsveg 120, 4.b. R.vík.	34227
Landspítalinn.	29000/308	Anne Grethe Hansen	Bergþórugötu 15, R.vík.	18831. afleys.
		Sigríður Jónsdóttir	Blöndubakka 10, R.vík.	- barnseignarfrí
		Margarethe Johansson	Laugavegi 54 B, R.vík.	18766
Hátún 10 B.	29000	Vera Grenner	Dalaladni 1, R.vík.	36632
Barnageðdeild Landsp.	29000	Madeline Östlund	Sólvallegötu 68, R.vík.	28270
Reykjalundur	66200/122	Guðrún Pálmadóttir	Stýrimannastíg 3, R.vík.	14950
		Kristjana Þenger	Sólvallegötu 45, R.vík.	29715
		Gud Hanson	Reykjalundi, Mosfellssveit	66200
		Ulla Salomonsson	Reykjalundi, Mosfellssvæit	66200
		Margrét Sigurgeirsd.	Blöndublið 7, Rlvík	
Erki starfandi.		Hope Knúttsson	Ásufelli 4, R.vík.	73734
		Kristín Tómasdóttir	Þórunnarstræti 123, Ak.	(36)21084
		Christine Lecoulte	Yrsufelli 1, R.	72474

Efnisyfirlit.

Leiðari	bls.	1
Aðal fundundur II - fundargerð		2
"Privat" iðjupjálfun		5
Námskeið um liðagigt í Danmörku		6
Auglýsingar		7
Landslög um iðjupjálfun		8
Nám í iðjupjálfun við university of Manitoba		10
Iðjupjálfaðnemar - félagaatal		18
Íslenskir iðjupjálfar erlendis - Eil. tal.		18
Iðjupjálfar á Íslandi - félagaatal		19.

